

Náttúrustofa Vestfjarða

Fuglaathuganir við Þiðriksvallavatn Í Strandasýslu

Skýrsla unnin fyrir Orkubú Vestfjarða
vegna hugsanlegrar hækkunar vatnsborðs Þiðriksvallavatns

Jón Hallur Jóhannsson
og
Björk Guðjónsdóttir

Umsjón
Þorleifur Eiríksson

Janúar 2000

Inngangur

Vegna hugsanlegrar hækkunar stíflu Þverárvirkjunar og hækkunar á vatnsborði Þiðriksvallavatns fór Orkubú Vestfjarða (Sölvi Sólbergsson) þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að kannaðar væru heimildir um fuglalíf á því svæði sem færi undir vatn ef til hækkunar kæmi.

Höfundar hafa stundað athuganir á þessu svæði um árabíl. Þessar athuganir hafa verið birtar að hluta til (Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995). Þorleifur Eiríksson forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða bað um að við skoðuðum sérstaklega þær athuganir sem við gerðum við Þiðriksvallavatn. Hér með fylgir útdráttur úr dagbókum okkar fyrir ofangreint tímabil.

Hugmyndin er að hækka yfirborð vatnsins úr 84 m.y.s. og í 90 m.y.s. Þar með munu 0,6 km² eða 60 ha lands fara undir vatn, aðallega (50 ha) flatlendi við vesturenda vatnsins. Auk þess er tangi, nálægt 4 ha, í austanverðu vatninu sem mun hverfa.

Almenn lýsing.

Við vesturenda vatnsins.

Þrjú gil með nokkuð vatnsmiklum ám liggja að dalnum; Svartagil og Grímsegil innst og Nautadalsá utar. Bergið er einnig gegndreypt eins og annars staðar á Vestfjörðum sem þýðir að töluvert er um uppsprettur við hlíðarfætur. Allt þetta gerir það að verkum að mikið vatn flæðir í sífellu um láglandið. Halli landsins er mjög lítil og stór hluti þess er því votlendi.

Bæjarstæði Þiðriksvalla stendur á graslendistungu, sem mynduð er af framburði Nautadalsár, lágdalurinn fram frá Þiðriksvöllum er votlendur og kallast einu nafni Þiðriksvallaflóa frá fornu fari.

Í flóanum skiptast á breiður af gulstör, vetrarkvíðastör og klófífu, en mýrastör og skúfgrasmýri þar sem landi hallar. Tjarnastör blómstrar við lækjarvík, í mógröfum, við tjörn og í skurðum. Næst hlíðinni eru blettir af viðarmýri með fjalldrapa og bláberjalyngi. Mosi er víða í sverði en þekur óvíða mikið í flóanum - aðeins í mýrastararblettum og viðarmýri myndast þúfur af mosa, aðallega *Hylocomium* og/eða *Sphagnum*. Engjarós er víða mjög kröftug í sverði.

Tanginn.

Þar skiptast á holtagróður og lyngmói. Á þurrustu svæðunum eru grámosi, hreindýramosi og fjallagrös á milli þúfna en nánast gróðursnautt á kollum. Hvammar og dældir eru aftur á móti vel gróin, allar algengustu tegundir lyngs og annars trjákennds gróðurs finnast þar, þ.m.t. breiður af eini (Sjá nánar Arnín Óladóttir 2000).

Fuglaathuganir í Þiðriksvalladal.

Athugunartímabil.

Annar höfunda (JHJ) kom oft í Þiðriksvalladal á árunum 1953-1957. JHJ fór um dalinn 1987 að Vatnshorni. Fyrstu skipulögðu athuganir okkar (JHJ & BG) voru gerðar sumarið 1987. Höfðum við þá aðsetur í Vatnshorni í fjóra daga og könnuðum fuglalíf í dalnum. Síðan komum við í Þiðriksvalladal á hverju sumri til ársins 1992. Einnig komum við í dalinn sumarið 1994 og 1995.

Tegundir sem sést hafa í Þiðriksvalladal.

Tegundir varpfugla feitletraðar.

Lómur:	Óreglulegur varpf. Varp 1957. Sést oft við fæðuöflun.
Himbrimi:	Reglulegur varpfugl. Eitt par. Varp misferst oftast.
Álft:	Reglulegur varpfugl. Eitt par.
Heiðagæs:	Umferðarfugl.
Grágæs:	Reglulegur varpfugl. Algeng á síðustu árum.
Rauðhöfðaönd:	Óreglulegur varpfugl. Fáar.
Urtönd:	Sennilega reglulegur varpfugl. Allalgeng.
Stökkönd:	Reglulegur varpfugl. Algeng.
Duggönd:	Örfá pör hafa sést á vorin. Varpfugl á nálægu vatni.
Hávella:	Fáein pör hafa viðkomu á vorin.
Toppönd:	Sést oft á vatninu, en varp hefur ekki sannast.
Smyrill:	Óreglulegur varpfugl á tveim setrum, yst og innst í dalnum.
Fálki:	Reglulegur varpfugl. Eitt fálkasetur.
Rjúpa:	Reglulegur varpfugl.
Tjaldur:	Hefur orpið a.m.k. einu sinni.
Sandlóa:	Reglulegur varpfugl. Strjál.
Heiðlóa:	Reglulegur varpfugl. Mjög algeng.
Lóupræll:	Reglulegur varpfugl. Mjög algengur.
Hrossagaukur:	Reglulegur varpfugl. Algeng.
Jaðrakan:	Hefur sést á síðari árum. Er hugsanl. tekinn að verpa.
Spói:	Reglulegur varpfugl. Algengur.
Stelkur:	Reglulegur varpfugl. Mjög algengur.
Óðinshani:	Líklega reglulegur varpfugl.
Kjóí:	Óreglulegur varpfugl innst í dalnum.
Hettumáfur:	Sést í ætisleit en hefur ekki orpið svo vitað sé.
Sílamáfur:	Algengur (hvíldar- og baðstaður). Grunur um varp 1995.
Hvítmáfur:	Algengur (hvíldar- og baðstaður, fjaðrafellir?).
Svarbakur:	Óreglulegur varpfugl. (Algengur á hv.- og baðst. með öðrum máfum).
Kría:	Algeng í fæðuleit, en hefur ekki orpið svo vitað sé.
Þúfuttlingur:	Reglulegur varpfugl. Mjög algengur.
Maríuerla:	Par hefur stundum haldið sig við brú á Teigsgili. Óvíst um varp.
Steindepill:	Reglulegur varpfugl. Algengur.
Skógarpröstur:	Reglulegur varpfugl. Fremur strjáll.
Hrafn:	Reglulegur varpfugl. Þrjú hrafnasetur.
Snjótittlingur:	Reglulegur varpfugl. Algengur.

Áhrif vatnsborðshækkunar

Tegundir, sem hækkun vatnsborðs Þiðriksvallavatns um 6 m mun líklega hafa áhrif á.

Lómur: Hefur orpið við ytri (eystri) enda vatnsins. Hreiður fannst þar 1957 og lómar sjást á þeim slóðum árlega án þess að varp hafi sannast síðan.

Himbrimi. Þar ver óðal á hverju sumri við innri enda vatnsins og hefur gert það frá ómuna tíð. Varpti flest athugunarárin en varpið misfórst nær alltaf vegna breytinga á vatnshæð. Ungi komst þó upp árið 1988, en þá hélst vatnsborð lengi stöðugt.

Álft: Álftaóðal er við innri enda vatnsins. Varpstaðurinn er í blautum hrísmóa í Þiðriksvallalaflóa. Beitiland álftanna er graslendið inn af vatninu.

Heiðagæs: Umferðarfugl seint á haustin í litlum mæli.

Grágæs: Grágæsa varð fyrst vart í Þiðriksvalladal haustið 1957, en ekki er vitað hvenær varp hófst þar. Við höfum talið þör með unga:

16.07.87: 7 þör með unga + 2 þör ungalaus. 10.07.88: 7 þör með unga. 03.09.89: 4 þör með stóra unga + fjöldi annarra fugla. 06.07.90: 4 þör með 15 unga + fjöldi geldf. 14.07.91: 10 þör með 50 unga. 24.07.92: 15 þör með a.m.k 40 unga. Grágæsirnar virðast mest eða eingöngu verpa í votlendinu og mounum inn af vatninu og neðst í giljunum (Grímsegil, Svartagil). Halda sig eingöngu með ungana (a.m.k. framan af) í graslendinu við innanvert vatnið.

Rauðhöfðaönd: Heldur sig eingöngu í votlendinu inn af vatninu. Fáliðuð en ungar hafa sést. Smáhópar (umferðarfuglar ?) sjást á sömu slóðum á haustin (1-3 varppör).

Urtönd: Verður jafnan vart í votlendinu inn af vatninu. Kollur með varpatferli eða ungaatferli hafa sést. Hópar 10-20 fugla sjást á haustin á vikum og kílum við innri enda vatnsins (~ 5 varppör).

Stökkönd: Hugsanlega 5-10 varppör. Kollur með unga sáust bæði í landi Þiðriksvalla og Vatnshorns.

Fálki: Fálkasetur með 2 varpstöðum er í Stóruborg. Annar varpstaðurinn er í ca 10m hæð yfir vatninu. Ekki er ljóst hver áhrif 6m vatnsborðshækkun mun hafa þar.

Rjúpa: Rjúpur eru algengar (í rjúpnaárum) í innanverðum Þiðriksvalladal og hafa sést með unga í mómum á flatlendinu inn af vatninu, en einnig víðar í dalnum.

Sandlóa: Eitt varppar með vissu (sennilega tvö) á eyrum inn af vatninu.

Heiðlóa: Algengur varpfugl á láglandinu inn af vatninu.

Lóupræll: Mjög algengur varpfugl á láglandinu inn af vatninu. Þetta er einn af þeim stöðum þar sem hvað mest er um lóupræl við Steingrímsfjörð.

Hrossagaukur: Algengur varpfugl í Þiðriksvalladal. Varpþéttleiki sennilega einna mestur á láglandinu inn af vatninu.

Jaðrakani: Jaðrakani hefur verið í örri útbreiðslu við Steingrímsfjörð á síðustu 10 árum. Fuglar sáust við Þiðriksvelli og Vatnshorn en varp var ekki staðfest á athugunartíma okkar. Í innanverðum Þiðriksvalladal er kjörlendi jaðrakans og ekki ólíklegt að varp sé hafið þar nú.

Spói: Algengur varpfugl í innanverðum Þiðriksvalladal. Verpur einkum á mörkum flatlendisins og hlíðanna. Verpur ekki annars staðar í dalnum svo vitað sé.

Stelkur: Mjög algengur varpfugl á flatlendinu inn af vatninu. Strjáll eða ekki til staðar annars staðar í dalnum.

Óðinshani: Algengur á kílum og pollum í votlendinu inn af vatninu. Varp hefur ekki verið staðfest, en líklega verpa þar fáein pör. Verpur ekki annars staðar í dalnum.

Sílamáfur: Sást af og til í ætisleit og einnig á hvíldar- og baðstað máfa við árósin við innanvert vatnið. Síðsumars 1995 sáust nokkrir nýfleygir ungar við innanvert vatnið og er hugsanlegt að um varp hafi verið að ræða og þá helst á áreyrunum.

Svartbakur: Þar var með hreiður í tóftum Þiðriksvallabæjarins sumarið 1988 en tóftirnar voru þá umflotnar vatni. Oft eru um 100 fuglar á hvíldar og baðstað við árósin.

Þúfuttlingur: Mjög alg. varpfugl um allan dalinn. Algengur varpfugl í mounum og mýrunum inn af vatninu.

Nánar um áhrif fyrirhugaðrar vatnsborðhækkunar.

Auk undirlendisins í innanverðum Þiðriksvalladal munu allmikil svæði önnur fara undir vatn.

Tangi í utanverðu vatninu hverfur. Í nesinu eru hrís- og lyngmóar, en klapparhóll yst. Þarna eru varpstaðir **lóms** (á þúfukolli rétt við land a.m.k 1957), **heiðlóu**, **rjúpu** (hefur sést með unga í nesinu), **þúfuttlings** og **snjóttlings** (verpur í kletti yst á nesinu).

Norðan megin munu gras- og lynghvammar fara undir vatn og flæða mun upp í mynni Teigsgils og Þórugils og eyrar sem myndast hafa þar fara undir vatn (líklegir efnistökuastaðir). Víða liggja brattar lyngbrekkur að núverandi rofabakka vatnsins og mun rofið færast hærra, sem nemur fyrirhugaðri vatnsborðshækkun, og verða því meira sem hlíðin er brattari. Á þessu svæði munu einhver búsvæði algengra mofugla svo sem **rjúpu** og **þúfuttlings** fara forgörðum.

Sunnan megin, út frá tóftum Þiðriksvallabæjarins, mun hallamýri í hlíðarfætinum fara undir vatn, en þar er beutiland **álfta** og **grágæsa**. Utar með vatninu sunnan megin er víðast bratt, skriður og klettur, þar sem mosi og fléttur eru einkennisgróður. Utarlega er þó allmikið skarð, Kotskarð, með starmýri og hrís. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort flæða muni upp í Kotskarð (teiknað inn sem yfirfall í u.þ.b. 90 m hæð).

Eins og vatnið er nú, eru víðast hvar að því brattir rofabakkar og aðdjúpt við ströndina. Aðeins við innri enda þess eru víðáttumiklar grynningar sem renna saman við blautt gras- og starlendi, blauta hrísmóa og þurrar grundir er innar dregur. Víða eru gróðursælir pollar og kílar næst vatninu og straumlítill á sem bugðast um flatlendi. Þarna er búsvæði andfugla og vaðfugla sem háðir eru votlendi. Svo virðist sem mest af þessu landi fari undir vatn ef af fyrirhugaðri vatnsborðshækkun verður.

Himbrimi og **lómur** hafa verið á hrakólum við vatnið síðan það var gert að miðlunarlóni. Við höfum rætt við forráðamenn Þverárvirkjunar um að koma fyrir varpfleka og hefur því verið vel tekið.

Álftir, **grágæsir** og **buslendur** (sbr. tegundatal) munu helst verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri vatnsborðshækkun. Það eru einkum fæðuöflunarsvæði þessara tegunda sem hætt er við að rýrni eða hverfi. Á það bæði við um varpfugla og fugla sem hafa þar viðkomu vor og haust. Hætt er við því að varpstofn sumra þessara tegunda minnki eða hverfi. Þetta á sérstaklega við um **rauðhöfðaönd** og **urtönd**. Aðeins er vitað um einn annan varpstað rauðhöfðaandar við Steingrímsfjörð og nágrenni. Urtönd og stökkönd eru hins vegar algengir varpfuglar á því svæði, einkum stökkönd.

Vaðfuglar munu einnig verða fyrir verulegum áhrifum og tegundir e.t.v. hverfa, t.d. **sandlóa** og **óðinshani**, en báðar þessar tegundir eru bundnar flatlendinu inn af vatninu. Kostur **lóuþræls** mun og þrengjast mjög þar sem aðalbúsvæði hans, stararflákar og blautt graslendi, mun fara undir vatn. **Jaðrakan** mun missa fæðuöflunarsvæði og hugsanlegt varpland. **Stelkur** sem er algengur í blautu graslendi inn af vatninu mun að líkindum hverfa, en hann er afar algengur varpfugl við Steingrímsfjörð og nágrenni. Þá munu **spói** og **hrossagaukur** missa kjörlendi, en báðar tegundirnar eiga einnig búsvæði í hlíðunum og eru auk þess algengar við Steingrímsfjörð og nágrenni. Aðrir vaðfuglar og mófuglar munu ekki verða fyrir teljandi áhrifum, enda minna eða ekki bundnir votlendinu.

Fálki verður hugsanlega fyrir áhrifum í Stóruborg þar sem vatnsborð mun nálgast neðri varpstaðinn, en varpstaðir **smyrta** yst og innst í dalnum eru hátt yfir vatninu.

Spörfuglar í Þiðriksvalladal eru fæstir háðir votlendinu. Þó mun **Þúfutittlingur** missa mikilvægt varpland í hrís- og grasmóum (grös og starir) inn af vatninu og a.m.k. eitt **snjóttittlingsóðal** fer á kaf (á tanganum við utanvert vatnið).

Heimildir:

Arlín Óladóttir. 2000. Gróðurfar við Þiðriksvallavatn í Strandasýslu. Skýrsla unnin fyrir Orkubú Vestfjarða. Náttúrustofa Vestfjarða.

Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987 – 1994. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar.